

Mánudaginn 12. mars 1928.

Nr. 59/1927. **Setuskiftaráðandinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f. h. þb. Jóns Björnssonar & Co. Bn.** (Th. Lindal)

gegn

Páli Bjarnasyni (Jón Ásbjörnsson).

Útaf skilningi á samningi, sem stefndi hafði gert við áfrýjanda um kaup á kröfum og kröfurjettindum búsin.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 19. mars 1927: Stefndur, — setuskiftaráðandi Steindór Gunnlaugsson — greiði fyrir hönd þrotabús firmans Jón Björnssonar & Co. í Borgarnesi stefnandanum Páli Bjarnasyni kr. 18000,00 með 5 % ársvöxtum frá 29. desember 1925 til greiðsludags og kr. 200,00 upp í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er in confesso, að verslunarbækur firmans Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi voru gerðar upp og skrá samin um útistandandi skuldir þrotabúsins samkvæmt verslunarbókunum, áður en skuldirnar voru seldar stefnda. Má því ætla, að skuldirnar hafi verið seldar samkvæmt þessum heimildum, og þá að undanskildum þeim millifærslum, sem áður höfðu átt sjer stað í bókunum, enda fer þetta hvorki í bága við 1. nje 6. málsg. kaupsamnings aðilja um skuldirnar frá 24. júní 1924, með því að óriftar greiðslur úr firmanu, þótt riftanlegar kunni að hafa verið, gátu ekki talist eign búsin, og eðlilegast er að skilja síðari hluta 6. mgr. á þá leið, að hinum seldu kröfum fylgi af hendi seljanda til handa kaupanda þau sömu rjettindi, þ. e. aukatryggingar, er kröfunum fylgdu meðan þær voru í eigu seljanda.

Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum

stefnda, og verður stefndi eftir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 400 kr., en málskostnaður í hjerði þykir eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, setuskiftaráðandinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f. h. þrotabús Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, Steindór Gunnlaugsson, á að vera sýkn af kröfum og kærum stefnda Páls Bjarnasonar cand. jur.

Málskostnaður í hjerði fellur niður en málskostnað í hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 400 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Fyrri hluta árs 1924 framseldi firmað Jón Björnsson & Co. Borgarnesi bú sitt til skiftameðferðar sem gjaldþrota og var stefndur í máli þessu Steindór Gunnlaugsson stjórnarráðsfulltrúi hjer í bænum skipaður sem setuskiftaráðandi í því. Með kaupsamningi dags. 24. júní 1924 seldi hann stefnandanum í máli þessu Páli Bjarnasyni lögfræðingi hjer í bænum, fyrir um samið kaupverð kr. 18000,00 »allar kröfur og kröfurjettindi sem eru eign þrotabús Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi samkvæmt höfuðbókum og öðrum heimildum, svo sem skulda-brjefum og vixlum«. Í samningnum er tekið fram að seljandi taki enga ábyrgð á skuldunum, en að kaupandi gangi inn í »öll þau sömu rjettindi gagnvart viðskiftamönnum firmans og þrotabúið hefir sjálft«, og að kaupandi skuli fá afhentar allar höfuðbækur, reikninga og aðrar skuldaheimildir, er til kunna að vera og hann óskar að fá. Þá er kaupanda og heimilað að innheimta skuldirnar sem umboðsmanni þrotabúsins, og og skuldbindur skiftaráðandi sig til þess að veita honum umboð til innheimtunnar og að halda sölunni leyndri.

Eftir að sala þessi fór fram, kom það í ljós, að talsverð-

ar millifærslur höfðu átt sjer stað í bókum firmans síðustu 2—3 mánuðina fyrir framsalið til gjaldþrotaskiftanna, þannig, að skuldheimtumönnum firmans voru færðar til útgjalda í reikningum, þeirra upphæðir sem firmað átti hjá hinum og þessum viðskiftamönnum sínum eftir bókunum. Námu greiðslur þær, sem álitíð var að rifta mætti af þessum orsökum, kr. 30398,45 og ukust þá útistandandi verslunarskuldir firmans um þá upphæð.

Stefnandi taldi sig nú, samkvæmt framangreindum kaupsamningi, eiga kröfur þessar og krafði skiftaráðanda um umboð samkvæmt kaupsamningnum til þess að innheimta þær, m. a. með brjefi dags. 12. maí 1925, en skiftaráðandinn virðist þá þegar hafa álitíð, eins og hann heldur fram í þessu máli, að þrotabúið eitt ætti kröfur þessar og að þær væru stefnanda með öllu óviðkomandi og ljét hann ekkert umboð af hendi.

Hinn 7. ágúst 1925 var skiftafundur haldinn í þrotabúinu og komu þá millifærslurnar til umræðu. Var þá samþykkt í einu hljóði, eftir beiðni umboðsmanns Landsbankans og Íslandsbanka að rifta »færslum« þeim, er kynnu að reynast ólögsmætar og til tjóns fyrir búið, og fól fundurinn stefnanda þessa máls að hafa á hendi allar framkvæmdir viðvikjandi væntanlegum innheimtum og riftingarmálum og skyldi skiftaráðandi gefa honum nánara innheimtuumboð eftir því sem þörf krefði. Lýsti stefnandi þá því yfir og ljét bókfæra, að enda þótt hann tæki að sjer innheimtur þessar og riftingarmál, þá afsalaði hann sjer ekki með því rjetti þeim, er hann kynni að hafa til upphæða þeirra, sem innheimtust samkvæmt samningnum frá 24. júní 1914.

Stefnandi kveðst nú hafa byrjað á nauðsynlegum undirbúningi við riftunarmálið og beðið um umboð, en þá hafi skiftaráðandi beðið sig eða öllu heldur skipað sjer að hætta öllum aðgjörðum við innheimtu á kröfum þessum. Stefndur hefir í máli þessu mótmælt því, að hann hafi neitað stefnanda um umboð, en hvort sem svo hefir verið eða ekki, þá er það víst að stefnandi fjekk ekkert umboð, og að ekkert varð úr riftingarmálunum.

Hinn 1. desember 1925 var því næst skiftafundur haldinn að nýju í þrotabúinu. Lá þá fyrir tilboð frá konum gjaldþrotanna, Jóns Björnssonar frá Svarfhóli og Jóns Björnssonar frá Bæ, um greiðslu til þrotabúsins á kr. 18600,00, gegn því

að allar kröfur um riftingu á millifærslum þeim, sem áttu sjer stað fyrir gjaldþrotið, fjellu niður. Var tilboð þetta samþykkt á fundinum, og fjeð greitt inn í búíð, þrátt fyrir mótmæli stefnanda, sem taldi búinu óheimilt að ráðstafa kröfunum á nokkurn nátt, þar eð þær væru hans eign en ekki þess.

Stefnandi höfðaði síðan samkvæmt heimild í kaupsamningnum frá 24. júní 1924, mál þetta hjér fyrir rjettinum með stefnu útgefinni 29. desember 1925, gegn stefndum setuskiftaráðanda f. h. þrotabús firmans Jóns Björnssonar & Co. Hefir hann í málinu gert þær kröfur, aðallega að stefndur verði fyrir búins hönd dæmdur til þess að greiða sjer allar hinar umþráttuðu kröfur með fullum ákvæðisupphæðum samtals kr. 30398,45, en til vara matsverð þeirra, er hann kveður vera kr. 23315,46. Til þrautavara krefst hann þess að sjer verði tildæmdar þær kr. 18600,00 er þrotabúið fjekk greiddar fyrir kröfurnar. Svo krefst hann og 5 % ársvaxta af hinni tildæmdu upphæð frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og riflegs málskostnaðar.

Aðalkröfuna byggir stefnandi á því, að þrotabúið hafi með því að ráðstafa kröfunum á skiftafundinum 1. desember 1925, og með neitun skiftaráðanda á afhendingu innheimtumboðs, svißt sig færi á því að innheimta kröfurnar og verði því að svara til fulls verðs þeirra. Telur hann að óframkvæmanlegt hefði orðið fyrir sig að innheimta kröfurnar eftir að það var orðið vitanlegt að búíð hafði selt þær öðrum, enda hefði búinu verið skylt samkvæmt kaupsamningnum frá 24. júní 1924 að afhenda sjer umboð, sem heimilaði honum að innheimta kröfurnar í nafni þess. Varakröfuna byggir hann á því, að tveir óvilhallir menn, sem stefndur hafi sjálfur tilnefnt hafi metið kröfurnar á kr. 23315,46. Þrautavarakröfuna miðar hann eins og fyr segir við upphæð þá, er búinu var greidd, gegn því að riftung fjelli niður.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi aldrei orðið eigandi nefndra krafna og því, að þrotabúið sje ekki rjettur varnaraðili í málinu, enda þótt svo yrði litið á, að stefnandi ætti kröfurnar. Kveður hann hvorugan aðilja hafa haft hugmynd um kröfur þessar er kaupsamningurinn frá 24. júní 1924 var gerður og geti stefnandi því alls ekki hafa vænst þess þá, að hann fengi aðrar kröfur en þær, sem fyrir lágu

samkvæmt bókum og skuldalistum við samningsgjörðina, enda hefði þurft að nefna kröfur þessar sjerstaklega ef þær hefðu átt að fylgja með í kaupunum. Þá kveður hann og stefnanda hafa átt að beina málssókn sinni gegn skuldurum þeim, sem rifta átti hjá, en ekki gegn þrotabúinu, sem ekkert skuldi stefnanda. — Ráðstafanir þær, sem þrotabúið gerði, kveður hann stefnanda óviðkomandi og telur aðgerðir skiftafundarins 1. desember 1925 hafi á engan hátt getað orðið til þess, að stefnandi glataði rjetti þeim, sem hann kynni að hafa átt eftir kröfunni. Upphæð þeirri, sem þrotabúið fjekk kr. 18600,00 hafi verið veitt móttaka með því beina skilyrði að hún rynni til búsin og þá jafnframt samþykkt að allar kröfur um riftingu fjellu niður, en slíkt sje ósamrýmanlegt við kröfur stefnanda á skiftafundinum og í þessu máli.

Rjetturinn lítur nú hiklaust svo á, að í margnefndum kaupsamningi frá 24. júní 1924 sje það svo skýrt ákveðið og skilyrðislaust tekið fram, að stefnandi eignist öll kröfurjettindi, sem þrotabúið ætti gegn viðskiftamönnum firmans, að kröfur þær sem stefnt er fyrir í þessu máli falli einnig þar undir og að stefnandi sje hinn rjetti eigandi þeirra. Kemur því aðeins til álita sú varnarástæða stefnda að stefnanda hafi ekki verið rjett að beina málssókn sinni gegn honum. Að visu verður að telja, að þegar þrotabúið hafði samþykkt riftunina á skiftafundi 7. ágúst 1925 hafi stefnandi átt heimtingu á því að skiftaráðandi gæfi honum innheimtuumboð, og að honum hafi verið þá þegar heimilt að höfða riftingarmál gegn skuldurum, og verður synjun skiftaráðanda því að teljast ólögमत gagnvart honum. En þar sem stefnanda var innanhandar að höfða þegar í stað riftingarmál samkvæmt kaupsamningnum og útskrift af skiftafundargjörðinni frá 7. ágúst — sem ekki er haldið fram að honum hafi verið meinað að fá — þá verður ekki talið að þessar aðgerðir þrotabúsins hafi skapað því skaðabótaskyldu á þann hátt, að það beri gagnvart stefnanda ábyrgð á greiðslu krafanna og verður því hvorki aðal- nje varakrafa stefnanda tekin til greina. Hinsvegar verður rjetturinn að líta svo á að þar sem þrotabúið hefir fyrir sitt leyti samþykkt það að veita móttöku kr. 18600,00 sem fullnaðargreiðslu á riftunarkröfunum og stefnandinn hefir gert þá þrautavarakröfu, að honum verði tildæmd sú upphæð, þá hafi hann með því gengið inn á það, að gera engar frekari riftingarkröfur, ef sú krafa yrði tekin til greina, þar eð honum var

kunnugt um að greiðslan til búsins var bundinn því skilyrði. Upphæð þessa á stefnandi rjett á að fá greidda af þrotabúinu, þar sem hún rann til þess, sem endurgjald fyrir rjettmæta eign hans — og ber því að dæma stefndan til þess að greiða stefnanda þá upphæð, en hann getur þá engar frekari kröfur gert í þessu efni, hvorki gagnvart þrotabúinu nje viðskiftamönn-um firmans, sem rifta mátti hjá. Svo ber og að dæma stefnd-um vexti af hinni tildæmdu upphæð eins og krafist er og eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefndur greiði stefnanda 200 krónur upp í málskostnað.

Miðvikudaginn 14. mars 1928.

Nr. 89/1927.

Valdstjórnin (St. Jóh. Stefánsson)
gegn

Ólafi S. H. Jóhannssyni (Kalman).

Bifreiðalagabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 20. ág. 1927: Kærður, Ólafur Sigmundur Hálfðán Jóhannsson, greiði 80 króna sekt í rikissjóð innan fimtán sólarhringa frá lögbirt-ingu dóms þessa en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 6 daga.

Svo skal kærður og sviftur leyfi til að aka bifreið í 6 mánuði að telja frá 21. júní s.l. og greiða allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því athuguðu, að mál þetta var mjög lítið rannsakað áður en dómur gekk í hjeraði, en hefir síðar að tilhlutun sækjanda og verjanda í hæstarjetti verið ítarlega prófað og niðurstaða lögreglurjettar-dómsins staðfestist við þau próf, má staðfesta dóminn.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæsta-rjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 100 kr. til hvors.